

Umsögn íbúaráðs Miðborgar og Hlíða um skipulagslýsingu vegna skipulagsgerðar og umhverfismats Kringlusvæðisins.

Reykjavík 20.05.2020

Með vísan til kynningar á fyrirhugaðri breytingu deiliskipulags Kringlusvæðisins viljum við í Íbúaráði Miðborgar og Hlíða koma á framfæri eftirfarandi ábendingum með von um að tekið verði tillit hagsmuna íbúa í grennd við skipulagssvæðið.

- Íbúar í Stigahlíð hafa áhyggjur af skuggavarpi frá fyrirhuguðum byggingum á Kringlureit 1 (þar sem nú stendur gamla prentsmiðja MBL og skrifstofuhús Umboðsmanns skuldara). Íbúar vilja að fyrirhuguð 7 hæða bygging verði lækkuð til að samsama sig betur þeirri lágreistu byggð sem er í Hlíðahverfi og minnka skuggavarp á heimili sín. Einnig óska íbúar þess að gerðar verði ráðstafanir svo að hljóðmengun og vindar aukist ekki.

- Mikilvægt er að aðgengi fyrir fólk með ólíka færni sé tryggt í öllum framkvæmdum svæðisins og óskar íbúaráðið eftir því að algild hönnun verði eitt af leiðarljósum í framkvæmdinni.

- Um er að ræða spennandi framkvæmd og nútímaleg nálgun í hönnun á almannarýmum.

Víða erlendis er hugað að ólíkri notkun t.a.m. þegar kemur að því að hægt sé að nýta svæði í ólíkum tilgangi og gert ráð tam. fyrir jaðarsporti eins og parkour, hjólabrettum og hjólasporti í hönnun á almanna rýmum og óskar íbúaráðið eftir að hugað verði á því á ákveðnu svæði/svæðum innan svæðisins.

- Einnig bendir íbúaráðið á mikilvægi þess að hugsa leiksvæði fyrir börn inn á öll svæði í borginni mikilvægt er að það sé gert ráð fyrir því líka á þessu svæði.

- Íbúaráðið hvetur til samstarfs við listafólk þegar almannarými líkt og þarna eru hönnuð eða þeim breytt. Tam. við hönnun á torgum og leiksvæðum og að listaverk séu partur af almenningsrýminu.

- Huga má sérstaklega að öruggum og aðgengilegum tengingum gangandi og hjólandi umferðar á milli Kringlusvæðis og Hlíðanna í framkvæmdinni.

Virðingarfyllt

Íbúaráð Miðborgar og Hlíða.